

## Nýútkomin lög.

12. dag júlím. 1878 lög um lausafjártíund<sup>1</sup> birt í deildinni A, bls. 58—63.

s. d. lög um gjafsóknir<sup>2</sup> birt í deildinni A, bls. 64—65.

Samkvæmt 1. gr. laga 24. ágúst 1877 öðlast lög þessi gildi, þegar 12 vikur eru liðnar frá ídag, eða hinn 28. dag októberm. 1878.

## Stjórnarbrjef og auglýsingar.

— *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um birtingu laga.* — Samkvæmt lögum frá 24. ágúst f. á. um birtingu laga og tilskipana er frá í dag af tekin **108** þinglýsing sú, er hingað til hefir verið fyrirskipuð á lögum og tilskipunum, en birting 1. ágúst. þeirra í deildinni A stjórnartíðindanna skal eptirleiðis vera skuldbindandi fyrir alla, — og samkvæmt 2. gr. áminnztra laga, skulu þar að auki hreppstjórar lesa upp á kirkjufundum eða hreppaskilapíngum lög þau og tilskipanir, sem getið er í 1. grein, án þess þó, að þetta skuli vera skilyrði fyrir því, að þau sjeu skuldbindandi. Fyrir því skulu sýslumenn eptirleiðis útbýta til hreppstjóra þeirra, er undir þá eru skipaðir, þeim exemplörum af stjórnartíðindum A, er þeim verða send í því skyni, undireins og þeir meðtaka þau, og um leið tjá hreppstjórnum, hvern dag viðkomandi lög eða tilskipanir öðlist gildi og er það að svo miklu leyti eigi er sagt sjerstaklega fyrir um það í sjálfum lögnum eða tilskipununum, 12 vikum eptir þann dag, er það tölublað kom út af stjórnartíðindunum (deildinni B), er það er birt í, að lögin eða tilskipunin sje út komin. Neðst til vinstri handar á fyrstu blaðsíðu hvers tölublaðs stjórnartíðindanna B, er prentaður dagur sá, er blaðið kom út. Birting um nýútkomin lög eða tilskipanir mun verða prentuð efst á sömu blaðsíðu.

Skyldu í einhverju lögsagnarumdæmi einhver af lögum þeim og tilskipunum, er birt hafa verið í deildinni A frá því að manntalsþingin 1877 fóru fram, ekki hafa verið birt á manntalsþingum þessa árs, ber hlutaðeigandi sýslumanni sem allra fyrst að senda amtinu áleiðis hingað skýrslu um það.

Um hver árslok skulu sýslumenn senda amtmani áleiðis hingað vottorð um, að öll þau lög og tilskipanir, er á árinu hafa verið birt í A deild stjórnartíðindanna hafi verið send hreppstjórnum, og ber þeim að hafa eptirlit með, að hreppstjórar gæti áminnztra fyrirmæla í 2. gr. laga 24. ágúst f. á. Sje eitthvað áfátt við exemplör þau af stjórnartíðindum A er sýslumönnum eru send áleiðis til hreppstjóra, ber sýslumönnum tafarlaust að snúa sjer beinlínis til landshöfðingja um það, sem vantar.

Þetta er tjáð yður herra amtmaður til þóknarlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu um víxlbrjef fyrir strandmannakostnaði.* — Út af þóknalegu brjefi **109** 29. júní. yðar, herra landshöfðingi, dags. 27. nóvbr. f. á., var utanríkisráðherranum skrifað og hann

1) Sbr. Alþingistíðindi 1877, II. bls. 30—73.

2) Sbr. Alþingistíðindi 1877, II. bls. 170—181.

Hinn 5. ágúst 1878.